

16.08.2014

## Þingeysk þríþraut og fjallahjólakeppni á Laugum í Reykjadal.

Ólympísk þríþraut verður haldin að Laugum í Reykjadal  
16. ágúst og hefst kl. 09:00.

### Keppnisgreinar eru:

- Ólympísk þríþraut; sund 1500m, hjól 40km, hlaup 10km
- Hálf ólympísk þríþraut; sund 750m, hjól 20km, hlaup 5km
- Spýtukallinn; sund 150m, hjól 4 km., hlaup 1 km. (Hefst kl. 13:00, mæting kl. 12:30)

Einnig er hægt að taka þátt einstökum greinum innan þríþrautar.

Keppnin mun fylgja [móta-og keppendareglum](#)  
[Þríþrautarnefndar Íslands](#).

**Einnig verður haldin 46 km.  
fjallahjólakeppni sem hefst kl. 09:00.**

### Skráningargjöld eru eftirfarandi:

- Heil og hálf þraut - 5.000 kr.
- Fjallahjólakeppni - 5.000 kr.
- Einstakar greinar í þríþrautinni - 2.000 kr.
- Spýtukallinn 16 ára og eldri - 2.000 kr.
- Spýtukallinn 10-15 ára - 1.000 kr.

Skráning mun fara fram á [hlaup.is](#) og lýkur skráningu  
fimmtudagskvöldið 14. ágúst.

Allir keppendur þurfa að vera mættir í sundlauginu á Laugum  
30 mín fyrir start. Keppnisgögn verða afhent milli kl. 8:00 og 8:30.

Upplýsingar: [hnikarr@laugar.is](mailto:hnikarr@laugar.is) og [Baldur@ub.is](mailto:Baldur@ub.is)



**SAMHERJI**

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

28. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 6. ágúst 2014

## Afmælisbörn dagana 7. ágúst — 13. ágúst 2014

7. Yngvi Ragnar Kristjánsson.
8. Halldóra Eydís Jónsdóttir, Jóhannes Steingrímsson.
10. Friðrik K. Jakobsson, Sólveig Erla Hinriksdóttir,  
Þuríður Snæbjörnsdóttir.
12. Egill Steingrímsson.
13. Jón Friðriksson.

Elskulegur eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

**Jón Illugason  
Helluhrauni 15  
Mývatnssveit**



lést föstudaginn 1. ágúst, á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.  
Útförin fer fram frá Reykjahlíðarkirkju  
þriðjudaginn 12. ágúst kl. 14:00.

Guðrún Þórarinsdóttir,  
Bára Mjöll Jónsdóttir, Jóhann Stefánsson,  
Þórarinn Pálmi Jónsson, Ásta Price,  
Illugi Már Jónsson,  
barnabörn og barnabarnabörn.



## Frá Íþróttamiðstöð.



Laust er til umsóknar heilsársstarf við Íþróttamiðstöð  
Skútustaðahrepps frá og með 1. september 2014.

Í starfinu felst m.a. gæsla í sundlaug og búningsklefum, eftirlit  
með nemendum grunnskóla og önnur tilfallandi verkefni.

Auglýsum einnig eftir fóki í afleysingar frá 15. ágúst til 1. október.

Umsóknir skulu berast á skrifstofu Skútustaðahrepps fyrir 15. ágúst.

Nánari upplýsingar gefur Bjarni í síma 861 0058

eða með tölvupósti [ims@myv.is](mailto:ims@myv.is)

Forstöðumaður

## Fornir fimmtudagar – Skuldaþingsey.

Fimmtudaginn 7. ágúst klukkan 20:00 býðst áhugafólki um fornminjar  
að rölta um Skuldaþingsey í Skjálfandafljóti undir leiðsögn  
fornleifafræðinga.

Mæting er við Vaðsbæinn, þaðan sem sameinast  
verður í bíla niður að Skipapólli.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Hins þingeyska fornleifafélags,  
[www.fornleifafelag.is](http://www.fornleifafelag.is)

Hið þingeyska fornleifafélag.

## Snyrtipinninn auglýsir

### *Sumarfrí*

Fer í sumarfrí föstudaginn 8. ágúst til 27. ágúst.

Njótið lífsins

Anna Geirlaug  
Snyrtifræðingur



# SPÝTUKALLINN 2014

- lítil þríþraut fyrir börn og byrjendur

Í tengslum við Þingeyska þríþraut sem haldin verður á Laugum  
laugardaginn 16. ágúst n.k. verður haldin þríþrautarkeppni fyrir  
börn og byrjendur fyrir þá sem vilja prófa þessa  
skemmtilegu samsetningu íþróttagreina.  
Þessa keppni köllum við Spýtukallinn

Í Spýtukallinum þurfa keppendur að byrja á að synda 150m,  
hjóla 4 km og að lokum hlaupa 1 km.


Kept verður í tveimur flokkum,

10 - 15 ára og svo 16 ára og eldri.

Keppnin hefst kl. 13:00, eða eftir að öðrum keppnum er lokið.

Skráning fer fram á [hlaup.is](http://hlaup.is) og lýkur skráningu  
fimmtudagskvöldið 14. ágúst. Allir keppendur þurfa að vera  
mættir í sundlaugina á Laugum 30 mín fyrir start.

Upplýsingar: [hnikarr@laugar.is](mailto:hnikarr@laugar.is) og [Baldur@ub.is](mailto:Baldur@ub.is)  
og á Facebook síðunni „Þingeysk þríþraut á Laugum“



-HLÚÐU AÐ DRÆUMUM ÞÍNUM OG HUGSJÓNUM,  
ÞVÍ ÞAU ERU SENDIBOÐAR SÁLAR ÞINNAR -

*Ragga Gunn*

## Frá Félagi eldri Mývetninga.

Fyrirhuguð er dagsferð til Siglufjarðar á vegum félagsins ef næg þátttaka fæst.

Stefnt er á helgina 16. - 17. ágúst.

Aðrar upplýsingar gefur stjórnin.

Vinsamlega látið vita um þátttöku fyrir hádegi n.k. sunnudag 10. ágúst.

Sjáumst glöð eftir sumarið.

Kveðja,

Sigga, s: 464 4179, Finnur, s: 865 9775 og Guja, s: 464 4235.



## Mýflugan

**Kæru lesendur  
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.